

Ár 2021, mánudaginn 1. mars, var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) upp kveðinn dómur í kærumálinu nr. 1/2021:

## **Stjarnan handknattleiksdeild**

**gegn**

### **Kvennaráði KA/Pór og Handknattleikssambandi Íslands**

Málið dæmir Bjarki Pór Sveinsson.

Mál þetta var höfðað með kæru sem var móttækin hjá skrifstofu HSÍ 14. febrúar 2021. Málinu var samdægurs úthlutað til dómara. Dómari tilkynnti kærðu um framkomna kæru þann 15. febrúar 2021 og gaf aðilum frest til þann 18. febrúar 2021 að skila greinargerðum sem þeir og gerðu. Upphaflega var kæru beint að Knattspyrnufélagi Akureyrar en með samþykki aðila var því breitt og henni beint gegn Kvennaráði KA/Pórs. Kæra málsins fékk skjálnúmer 1, greinargerð KA/Pór skjálnúmer 2, og leikskýrsla skjálnúmer 3. Greinargerð HSÍ skjálnúmer 4. og Yfirlýsingar leikdómara skjálnúmer 5.

Þinghald var í málinu þann 20. febrúar 2021. Dómstólinn innti aðila eftir því hvort málsatvik væru óumdeild og með hliðsjón af því hvort aðilar teldu þörf á vitnaskýrslum eða munnlegum málflutningi.

Stjarnan gerði grein fyrir því að í fjölmiðlum hefði komið fram yfirlýsing frá HB statz sem gætu stangast á við framburð dómara. Jafnframt sagði Stjarnan að félagið liti svo á að HB stats væri hluti af umgjörð og framkvæmd leiksins.

Þar sem dómstólinn taldi þessar upplýsingar geta stangast á við yfirlýsingar leikdómara var ákveðið að gefa aðilum sameiginlega frest til þriðjudagsins 23. febrúar 2021 til að koma að lokagögnum eða athugasemdum til dómstólsins. Ákveðið var svo að skýrslutökur færu fram yfir aðila frá HB Statz og leikdómurum sem og munnlegur málflutningur miðvikudaginn 24. febrúar 2021.

Þriðjudaginn 23. febrúar 2021 bárust frá KA/Pór athugasemdir sem fengu skjálnúmerið 6, auk tölfraðiskýrslu með logo HB statz, skjálnúmer 7, og frétt „Mannleg mistök“, skjálnúmer 8. Sama dag bárust frá Stjörnunni athugasemdir, skjálnúmer 9 og Mp4 fæll sem inniheldur rúmlega mínútu mynband úr hálfleik leiksins, skjálnúmer 10.

Málflutningur fór svo fram á áðurgreindum tíma þar sem framangreindar skýrslur voru teknar og aðilar reifuðu mál sitt. Að því loknu var málið dómtekið.

### **Dómkröfur**

Kærandi, Stjarnan gerir þær kröfur að úrslit leiksins verði leiðrétt og að þau verði 26-26. Til vara gerir kærandi þær kröfur að leikurinn verði endurtekinn.

Varnaraðili KA/Þór gerir þær kröfur að kröfum kæranda verði hafnað og að úrslit leiks Stjörnunnar og KA/Þór þann 13. febrúar 2021, samkvæmt leikskýrslu, 26 gegn 27, KA/Þór í hag, verði staðfest. Þá gerir KA/Þór kröfu um málskostnað að skaðlausu úr hendi kæranda.

Við munnlegan málflutning gerði KA/Þór kröfu á hendur HSÍ um greiðslu ferðakostnaðar ef til kæmi, en til vara úr hendi Stjörnunnar.

HSÍ gerir ekki sérstakar kröfur í málinu um annað en kostnað sem til kann að hljóttast.

### **Málsatvik**

Laugardaginn 13. febrúar 2021 fór fram leikur Stjörnunnar og KA/Þórs í TM höllinni í Garðabæ. Lokatölur leiksins voru skráðar 26-27 KA/Þór í vil. Óumeilt er með aðilum að undir lok fyrri hálfleiks gerðust þau mistök að í stöðunni 11-17, KA/Þór í vil, skoraði leikmaður Stjörnunnar nr. 22 mark. Það mark var fyrir mistök skráð á KA/Þór. Eftir næstu sókn hjá KA/Þór meiddist markmaður Stjörnunnar og tíminn var stöðvaður. Leikdómari fékk þá ábendingu frá leikmanni um að það vantaði mark á Stjörnuna á leiktöfluna. Leikdómari fór að ritaraborði og marki var bætt við hjá Stjörnunni en markið sem ranglega var sett hjá KA/Þór var ekki tekið af liðinu.

Leikurinn var svo kláraður með þeirri stöðu sem upp var komin og að honum loknum var skráð staða, bæði á tímatöflu og á leikskýrslu, 26-27 KA/Þór í vil.

Leikdómarar höfðu ekki fyllt út markaskor sjálfir á sín spjöld. Athugasemdalaust rituðu svo leikdómarar undir leikskýrsluna með tölunum 26-27.

Enginn eftirlitsmaður frá HSÍ var á leiknum.

## Málsástæður aðila

Kærandi Stjarnan heldur því fram að samkvæmt grein 17:8 í leikreglum IHF (Alþjóða Handknattleikssambands) beri báðir dómara ábyrgð á skráningu marka og í grein 17:10 komi fram að dómara beri ábyrgð á því að leik loknum að leikskýrsla sé fyllt rétt út. Þá komi fram í 7. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót að framkvæmdaraðili afhendi dómurum leikskýrsluna til yfirferðar og undirritunar. Því sé dómari leiksins ábyrgur fyrir skráningu marka sem og að leikskýrsla sé rétt fyllt út. Stjarnan byggir á því að það hafi verið mistök dómara að kanna ekki til hlítar hver rétt staða var þegar að dómari lét bæta við marki Stjörnunnar.

Stjarnan byggir á því að strangar sóttvarnir hafi haft áhrif. Aðili frá HB státt hafi áttað sig á mistökunum en gat ekki farið niður að ritaraborði til að bera saman mörkin sem skoruð voru í leiknum.

Stjarnan byggir á að kærsmål dómstóls HSÍ nr. 1/2008 sé ekki fordæmisgefandi þar sem svipuð mistök í þeim leik, þ.e. að mark var tvískráð á annað félagið, höfðu ekki áhrif á lokaniðurstöðu þar sem sá leikur vannst með 2ja marka mun. Sá leikur hafi verið í deildarbikar og því ekki haft áhrif á nein önnur lið. Niðurstöður í deildarleik kunni hins vegar að hafa áhrif á fleiri lið og því ríkari ástæður til að leiðrétta mistök. Þá hafi niðurstaða í máli 1/2008 byggst á því að ákvörðun leikdómara í hverjum leik sé endanleg og ekki kæranaleg. Hins vegar hafi annað fordæmi myndast í máli 2/2018 þar sem skilið var á milli mistaka í framkvæmd leiks annars vegar og mistaka dómara í leik hins vegar, sbr. 16. gr. í reglugerð HSÍ um dómara og eftirlitsmenn. Byggir Stjarnan á því að mál 2/2018 sé sterkara fordæmi. Þá byggir Stjarnan á því að í máli 2/2013 hafi verið fallist á mistök í framkvæmd leiksins, en þar hafði tímaklukkan ekki farið af stað. Sama hafi gerist í máli 2/2018 en þar hafi ákvörðun dómara falið í sér ranga beitingu leikreglna en ekki rangt mat á staðreyndum.

Varnaraðili KA/Þór byggir á því að ákvarðanir dómara í hverjum leik séu endanlegar og ekki kæranalegar, sama af hvaða toga þær geta verið. Leikskýrslan var undirrituð að leik loknum af báðum dómurum leiksins.

KA/Þór bendir á að samkvæmt 7. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót skuli framkvæmdaraðili, þ.e. félag sem á heimaleik, fylla út leikskýrslu að leik loknum þ.e. skrá úrslit, mörk, áminningar, bottvísanir og útilokanir sem og annað er tilheyrir leikskýrslu. Þá bendir KA/Þór á að ljóst sé af atvikum þessa máls að starfsmaður kæranda hafi bæði séð um að skrá umrætt aukamark ásamt því að fylla út leikskýrsluna og því mætti segja að kærandi sé að hluta til ábyrgur fyrir umræddum mistökum. Það breyti þó ekki þeirri staðreynd að samkvæmt niðurlagi 7. gr. sömu reglugerðar skuli framkvæmdaraðili afhenda dómurum leikskýrsluna til yfirferðar og undirritunar. Þá telur KA/Þór að mistök sem þessi séu á ábyrgð dómara leiksins og

Því hluti af leiknum sjálfum. Breyti þar engu hvort um sé að ræða mistök sem felist í að mark sé oftalið eða að brottvísun eða vítakastdómur, fyrir mistök, eigi sér stað meðan á leik stendur. Slíkar ákvarðanir séu allar á ábyrgð dómara og því endanlegar og ekki kærnanlegar, sbr. grein 17.11 leikreglna. Beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfum kæranda í máli þessu. Þá byggir KA/Þór á að í kærumáli HSÍ nr. 1/2008 hafi reynt á oftalið mark og í því máli hafi dómstóllinn vísað til þess að mistökin væru á ábyrgð dómara leiksins og því hluti af leiknum í heild. Ekki væri hægt að skilja á milli dómara og tímavarða þannig að líta megi svo á að mistök tímavarða við skráningu geti valdið því að úrslit leiks verði ógildanleg. Þá mótmælir KA/Þór því að leikurinn skuli endurtekinn. KA/Þór mótmælir því jafnframt að hið oftalda mark hafi haft úrslitaáhrif í leiknum þar sem það var skráð í fyrri hálfleik og KA/Þór með verulega forustu í leiknum á þeim tíma. Þá mótmælir KA/Þór því að skýrsla HB stanz hafi eitthvað með úrslit leiks að gera. Að lokum bendir KA/Þór á að samkvæmt 16 gr. reglugerðar HSÍ um dómara og eftirlitsmenn sé ekki hægt að kæra eða mótmæla úrskurði dómara á leikvelli sem byggður er á mati hans á stöðunni í hverju tilviki. Ekki sé unnt að heimfæra þetta atvik undir ranga beitingu leikreglna heldur einungis rangt mat á staðreyndum og vísar KA/Þór til kærumáls HSÍ nr. 2/2019 (1) því til stuðnings.

HSÍ gerir ekki sérstakar kröfur en telur að óumdeilt sé að bæði lið hafi skorað 26 mörk í leiknum. Þá vísar HSÍ til þess að sú venja hafi myndast að dómara skrái ekki hjá sér fjölda marka. Byggist það á því að fyrir þó nokkrum árum hafi breytingar orðið á leikreglum með þeim hætti að tekin var upp svokölluð hröð miðja og í framhaldi af því hafi dómurum verið uppalagt af alþjóðasamböndum að telja ekki mörkin heldur treysta á ritaborð við þá vinnu enda ógjörningur fyrir dómara að halda yfiryn yfir það í nútíma handbolta. Samkvæmt minnisblaði leikdómara hafi þeir ekki verið upplýstir um þessi mistök og undirrituðu því skýrsluna í góðri trú. Samkvæmt 10. mgr. 7. gr. reglugerðar HSÍ beri framkvæmdaraðila að afhenda dómurum leikskýrsluna til yfirferðar og undirritunar. Byggir HSÍ á því að ágreiningsefnið snúist um það hvort framangreind mistök falli undir framkvæmd leiks eða mistök dómara. Að lokum gerir HSÍ kröfu um að ef niðurstaðan verði sú að endurtaka beri leikinn að hluta eða öllu leyti eigi Handknattleiksdeild Stjórnunnar að bera þann kostnað sem myndast.

### Niðurstaða

Samkvæmt 31. gr. laga HSÍ skulu dómstólar HSÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda HSÍ og varða lög og reglur HSÍ eftir því sem við á, en á þessum lögum og reglum skulu dómstólar HSÍ byggja niðurstöður sínar.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort heimfæra eigi framangreind atvik undir reglur 17:11 í leikreglum IHF og 16. gr. reglugerðar HSÍ um dómara og eftirlitsmenn. Í grein 17:11 leikreglna

IHF segir að ákvarðanir dómara byggðar á mati þeirra á staðreyndum eða mati þeirra séu endanlegar. Aðeins megi áfrýja þeim ákvörðunum sem ekki eru í samræmi við leikreglurnar. Í 16. gr. reglugerðar um dómara og eftirlitsmenn segir að ekki sé hægt að kæra eða mótmæla úrskurði dómara á leikvelli sem byggður sé á mati hans á stöðunni hverju sinni.

Samkvæmt ákvæðunum verður mati dómara á því sem gerist á leikvellingum ekki skotið til dómstóls HSÍ. Álykta má hins vegar að ákvörðunum sem ekki eru í samræmi við leikreglur verði skotið til dómstólsins. Á þessa túlkun reyndi meðal annars í kærumáli HSÍ nr. 2/2018.

Ef málsatvik eru heimfærð undir ranga leikreglu felur það í sér ákvörðun sem ekki er í samræmi við leikreglur handknattleiks, en ekki mat á staðreyndum. Í máli þessu er meginúrlausnarefnið hvort undirritun dómara á leikskýrslu með tilgreindri markatölu feli í sér mat á staðreyndum eða ranga beitingu leikreglna. Fyrir liggur samkvæmt framburði leikdómara að þeir hafi ekki verið upplýstir um að skráningu marka hefði verið ábótavant. Kemur sá framburður einnig heim og saman við önnur gögn málsins, s.s. myndbandsupptöku, skýrslu og framburð frá HB statz. Leikdómarar höfðu einungis í fyrri hálfleik fengið ábendingu um að það vantaði mark hjá Stjórnunni en ekki að auka mark hefði verið skráð á KA/Þór. Þannig undirrituðu dómarar leikskýrslu samkvæmt bestu vitund. Óumdeilt er þó að dómarar beri ábyrgð á skráningu marka þó svo að telja verði að umrædd mistök hafi átt sér stað á ritaborði leiksins.

Áður hefur verið fjallað um það af dómstól HSÍ hvort aðstæður sem þessar teljist til mistaka dómara sem tæk séu til endurskoðunar dómstóls HSÍ. Á þetta reyndi í kærumáli 1/2008 og var niðurstaða málsins sú að mistök dómara sem þessi væru ekki tæk til endurskoðunar. Það leiðir af jafnræðis- og réttaröryggissjónarmiðum að dómstólum ber að tryggja fyrirsjáanleika með því að fylgja eldri fordæmum og beita sömu reglum með sama hætti í dómum sínum. Engar breytingar hafa verið gerðar á þeim reglum sem á reyndi í kærumáli 1/2008 síðan framangreindur dómur féll. Þar af leiðandi verður að skýra leikreglurnar með sama hætti í þessu máli og gert var í kærumáli 1/2008.

Samkvæmt framansögðu verður talið að í þessu tilviki, líkt og í kærumáli 1/2008, hafi dómarar ekki beitt reglum með röngum hætti. Þannig hafi dómarar ekki farið út fyrir valdsvið sitt. Dómstóllinn fellst á að dómarar hafi eftir bestu samvisku lokið leiknum samkvæmt þeim upplýsingum sem þeir höfðu. Þannig hafi dómaramir ekki tekið ranga ákvörðun sem dómstóll HSÍ hafi endurskoðunarheimild á. Þó fallast megi á að um mistök sé að ræða eru mistök alltaf eðlilegur hluti leiksins og hafa sem slík áhrif á úrslit leikja.

## Úrskurðarorð

Hafnað er kröfu Stjórnunnar þess efnis að úrslit leiks Stjórnunnar og KA/Þórs í Olís deild kvenna frá 13. febrúar 2021 verði breytt. Jafnframt er því hafnað að leikurinn verði endurtekinn.

Með vísan til forsendna málsins telur dómstóllinn rétt að málskostnaður falli niður.

Reykjavík, 1. mars 2021



Bjarki Þór Sveinsson